

Krýsuvík

Starfshópur, Krýsuvík, framtíðarnýting / Málarnúmer 1504338

Bæjarráð Hafnarfjarða samþykkti þann 28. mars 2019 að setja á fót starfshóp um framtíðarnýtingu á Krýsuvíkursvæðinu. Hlutverk hópsins er að móta stefnu og gera tillögur um heildaruppbyggingu í Krýsuvík, hvaða starfsemi og þjónusta skuli gera ráð fyrir að verði þar í framtíðinni.

Bæjarráð skipaði eftirtalda aðila í starfshópinn: Skarphédinn Orra Björnsson, formaður, Ágúst Bjarna Garðarsson, Guðbjörgu Oddnýju Jónasdóttir, Sverri Jörstad Sverrisson og Karólínu Helgu Símonardóttir. Með hópnum starfaði Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar á umhverfis- og skipulagssviði.

Helstu hugmyndir að nýtingu og uppbyggingu í Krýsuvíkurlandi koma hér á eftir en fimm mismunandi svæði eru undir.

Ljóst er að mikil tækifæri eru til staðar á Krýsuvíkursvæðinu sem ekki hafa verið nýtt. Enn sem komið er þetta vannýtt auðlind í bæjarlandinu.

Í vinnu starfshóps um framtíðarnýtingu svæðisins höfum við helst horft til fimm svæða í Krýsuvík og velt fyrir okkur hugsanlegum framtíðarmöguleikum þeirra.

Eftirfarandi eru tillögur starfshópsins um framtíðarnýtingu og hlutverk þessa svæða.

1. Krýsuvíkurbjarg

Lagt er til að farið verði í endurskoðun á núgildandi deiliskipulagi með það að markmiði að byggja upp enn betri aðstöðu, laga veg, bílastæði og gera aðstöðuna öruggari. Auk þess að byggja útsýnispall svo gestir geti virt fyrir sér stórbrotið útsýnið og landslag við bjargbrúnina. Nauðsynlegt er í deiliskipulagsvinnunni að gera ráð fyrir byggingarreit þar sem hægt væri að bjóða upp á lóð undir veitingarekstur. Þeim byggingarreit myndu fylgja þær kröfur að salernisaðstaða yrði almenn og aðgengileg öllum gestum svæðisins.

Áherslur, möguleikar:

- Útsýnisaðstaða.
- Fuglaskoðun.
- Hreinlætisaðstaða.
- Veitingar.

2. Krýsuvíkurborpið

Gera umhverfið snyrtilegra (svo sem með að rífa eða lagfæra illa farin mannvirki), skemmtilegra og vænlegra. Hlúa að kirkjunni og Húsi málans. Meta þarf nýtanleika núverandi mannvirkja á svæðinu. Hugsanlega að gera ráð fyrir veitingastað við

svæðið. Auk þess má hugsa sér ræktunarreiti fyrir almenning í anda kolonihagen að evrópskri fyrirmynd. Þar sem almenningur getur leigt gegn vægu gjaldi skika til ræktunar. Með því má auka nýtingu almennings á svæðinu og skapa mannlíf sem getur af sér aukinn áhuga á svæðinu í heild.

- Hreinlætisaðstaða.
- Veitingar.
- Hótelstarfsemi.
- Sögusafn fyrir svæðið.
- Saga brennisteinsvinnslu.
- Stjórnuskoðun.
- Önnur menningartengd starfsemi.

3. Seltún

Seltún er að verða einn af mest sóttu ferðamannastöðum á suðvestur horninu. Ljóst er að laga þarf aðstöðuna fyrir ferðamenn. Það er hinsvegar ekki augljóst að Hafnarfjarðarbær sé besti aðilinn til að reka þar öfluga ferðaþjónustu. Kanna þarf með formlegum hætti hvort ekki sé grundvöllur á að bjóða rekstur staðarins út. Hlutverk bæjarins er ekki að reka ferðaþjónustu heldur mun frekar að skipuleggja svæðið á þann veg að hægt sé að byggja þar upp öflugan ferðamannastað með þeirri þjónustu sem við á. Glæsileg salernisaðstaða og bílastæði með gjaldskyldu koma vel til greina þegar aðstaðan er orðin betri og öruggari fyrir ferðamenn og aðra gesti svæðisins.

- Veitingar og verslun fyrir ferðamenn.
- Fræðslu um jarðhita og nýtingu hans.

4. Virkjun

Kanna hagkvæmi uppbyggingar virkjunarsvæðis með það í huga að kanna arðsemi allt að 100 MW raforkuvers og allt að 300 MWth fyrir heitavatnsvirkjun. Heitavatnsvirkjun væri að mörgu leyti nauðsynleg framkvæmd. Þar sem fyrirsjáanleg er aukin þörf á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni og tryggja þarf afhendingaröryggi til íbúa og fyrirtækja. Hópurinn leggur þó áherslu á að ekki verði farið í frekari vinnu við virkjun nema að undangenginni ýtarlegri kynningu á jákvæðum og neikvæðum áhrifum virkjunar fyrir bæjarbúa. Í framhaldinu mæti skoða að halda íbúa kosningu á viðhorfi til virkjunarframkvæmda í Krýsuvík.

Auðlindagarður

- Affallsvatn fyrir ræktun og fiskeldi.
- Baðlón.
- Vinnsla efna úr affalli.
- Föngun koltvísýrings fyrir ræktun.
- Orkutengd starfsemi.

5. Skógrækt og kolefnisbinding

Hugmyndir um uppgræðslu örfoka lands með aðkomu atvinnulífsins voru ræddar, með það að markmiði að kolefnisjafna sveitarfélagið; að Hafnarfjörður taki forustu á sveitarfélagsstiginu í að spyrna gegn hnattrænni hlýnun. Hér er stórt svæði sem getur hentað vel til skógræktar og þar með bundið kolefni. Möguleiki væri á ræktunarreitum sem fyrirtæki geta tekið í fóstur til að kolefnisbinda rekstur sinn.

- Skógræktarfélagið.
- Kolviður.
- Aðrir sem vinna á þessu sviði.
- Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs.

Hagur Hafnarfjarðar af uppbyggingu á svæðinu felst meðal annars í:

- Mikil tækifæri til uppbyggingar á ferðaþjónustu.
- Orkutengd starfsemi í iðnaði, líftækni og landbúnaði.
- Auðlindagjald af virkjaðri orku.
- Þátttaka Hafnarfjarðarbæjar í kolefnisjöfnun Íslands.

Starfshópur, Krýsuvík, framtíðarnýting
2. nóvember 2021

Skarphéðinn Orri Björnsson, formaður (sign)

Ágúst Bjarni Garðarsson (sign)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir (sign)

Sverrir Jörstad Sverrisson (sign)

Karólína Helga Símonardóttir (sign)